

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seld á nauðungarupphóði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungarupphóð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafist þess á upphóðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði, samkvæmt 3. mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem upphóðshaldari hefur, samkvæmt upphóðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti upphóðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá úr veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungarupphóð.

Íbúðir, sem sveitarfélag eignast samkvæmt þessari grein, er heimilt að endurselja að fullnægðum skilyrðum 10. gr.

Kvöðum um verð og ráðstöfunarrétt íbúða, sem byggðar verða samkvæmt reglugerð þessari, má ekki létta af íbúðunum, nema fylgt sé ákvæði 10. gr. og að lán Byggingasjóðs séu greidd upp eða lækkuð þannig, að þau verði ekki hærri en lán, sem veitt voru til íbúða í eigu einstaklinga á sama tíma.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 59 30. apríl 1973, og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum á árinu 1974 og ráðstöfun á því.

1. gr.

Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti framleiðslu ársins 1974 á loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnuhrognum svo og öðrum loðnuafurðum, öllum nema niðursoðnum eða niðurlögðum.

2. gr.

Hið sérstaka útflutningsgjald skv. 1. gr. skal reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Útflýttjendur mega þó greiða 80% af gjaldinu þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og séu tollyfirvaldi greidd 20% af gjaldinu ásamt afhendingu ávísunar á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

Tekjum af þessu sérstaka útflutningsgjaldi skal haldið aðskildum frá tekjum af öðrum útflutningsgjöldum. Skulu tollyfirvöld og bankar, sem annast gjaldeyris-skil, senda greiðslur jafnóðum til Seðlabanka Íslands, er leggur þær í sérstakan sjóð.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast stjórn og gæslu þess sjóðs, sem til verður samkvæmt 1. og 2. gr.

25 milljónum króna af tekjum sjóðsins skal varið til lífeyrissjóða sjómanna eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins en öðrum tekjum skal varið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar til þess að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu hérlendis.

4. gr.

„Fiskiskip“ merkir í reglugerð þessari sérhverjt það skip (eða bát) sem gert er út til fiskveiða í atvinnuskyni og skráð er (nafn og umdæmisnúmer) hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

5. gr.

Seðlabanki Íslands sér um niðurgreiðslur til íslenskra fiskiskipa (sbr. 3. og 4. gr.) á þann hátt, sem hér segir:

Oliufélögin skulu á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 selja brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa hérlendis á sama verði og í nóvembermánuði 1973 og er þá miðað við:

Gasolíu á kr. 5.80 per líter.

Fuelolíu á kr. 3 330.00 per smálest.

Oliufélögin fá síðan greidda úr niðurgreiðslusjóðnum fjárhæð jafnháa mismuninum á ofangreindu viðmiðunarverði og útsöluverði söludags eins og það er ákveðið á hverjum tíma af verðlagsnefnd, enda hafi oliufélögin látið Seðlabankanum í té afrit af kvittuðum sölunótum, þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, sölu-degi, sölustað, magni og tegund olíu.

Miðað skal við að uppgjör til oliufélaganna fari fram mánaðarlega.

6. gr.

Oliufélögin skulu láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar, sem nauðsynlegar teljast til eftirlits með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

7. gr.

Heimilt er að takmarka niðurgreiðslu á brennsluolíu til þeirra fiskiskipa, er sigla á erlendan markað, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins.

8. gr.

Skipstjórum eða útgerðarmönnum íslenskra fiskiskipa, sem fá keypta brennsluolíu á niðurgreiddu verði samkvæmt 5. gr., er skylt að halda til haga afritum af sölunótum fyrstu fimm mánaða ársins 1974 og láta þau af hendi við Seðlabankann verði þess krafist. Seðlabankinn skal velja af handahófi einstök fiskiskip til athugunar á því, hvort oliukaup þeirra eru með eðlilegum hætti samkvæmt reglugerðinni.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða missi niðurgreiðsluréttinda eftir ákvörðun ráðuneytisins, auk viðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum, eftir því sem við á. Hver sá maður, sem veitir liðsinni sitt til slíkra brota, skal einnig sæta viðurlögum almennra hegningarlaga.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bráðabirgðalögum um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974, dags. 11. janúar 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. febrúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

24. janúar 1974.

Nr. 47.

REGLUR

um iðgjöld sjóðfélaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skulu greiða í iðgjöld til sjóðsins 4.25% af launum sínum.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 10. gr. laga nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, gilda frá 1. janúar 1974 að telja. Jafnframt falla úr gildi reglur um iðgjöld sjóðfélaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nr. 172 13. desember 1967.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.